

LÖG

um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995
(fasteignaskattur í Grindavíkurbæ).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögina bætast fimm ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Þrátt fyrir 3. gr. er bæjarstjórn Grindavíkurbæjar heimilt að falla frá álagningu fasteignaskatts, í heild eða að hluta, á árinu 2024 vegna óvissu af völdum náttúruhamfara sem ógna öryggi íbúa sveitarfélagsins. Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar er jafnframt heimilt að gera greinarmun á fasteignum þegar fasteignaskattur er felldur niður í heild eða að hluta á grundvelli eftirfarandi atriða:

- Í hvaða flokk fasteignir falla skv. 3. mgr. 3. gr.
- Staðsetningar fasteigna í þéttbýli eða dreifbýli.
- Staðsetningar fasteigna á hættusvæðum sem skilgreind eru af Veðurstofu Íslands.

b. (II.)

Þrátt fyrir 4. mgr. 4. gr. er bæjarstjórn Grindavíkurbæjar heimilt að fresta hverjum gjalddaga fasteignaskatts sveitarfélagsins á árinu 2024 um sex mánuði.

c. (III.)

Þrátt fyrir 7. gr. fylgir fasteignaskatti í Grindavíkurbæ á árinu 2024 lögveð í fasteign þeirri sem hann er lagður á, ásamt dráttarvöxtum í fjögur ár frá gjalddaga, sem skal ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum er á eigninni hvíla.

d. (IV.)

Þrátt fyrir d-lið 11. gr. skal framlag til Grindavíkurbæjar á árinu 2024 á grundvelli ákvæðisins miðað við að skatthlutfall fasteignaskatts Grindavíkurbæjar sé 0,30% fyrir fasteignir skv. a-lið 3. mgr. 3. gr., 1,32% fyrir fasteignir skv. b-lið 3. mgr. 3. gr. og 1,45% fyrir fasteignir skv. c-lið 3. mgr. 3. gr.

Nr. 4

7. febrúar 2024

e. (V.)

Þrátt fyrir 13. gr. skal við útreikning framlaga til Grindavíkurbæjar á grundvelli ákvæðisins á árinu 2024 miða við sama nemendafjölda og skólagæði og samþykkt var sem grundvöllur áætlunar framlaga af ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 20. september 2023 vegna framlaga sjóðsins fyrir árið 2024.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. febrúar 2024.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Sigurður Ingi Jóhannsson.

A-deild – Útgáfudagur: 14. febrúar 2024